

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang nel@nel.is
Heimasíða www.nel.is

Skýrsla nefndar um eftirlit með lögreglu fyrir árið 2018

Reykjavík, júlí 2019

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Skipun nefndar um eftirlit með lögreglu	2
3. Hlutverk nefndar um eftirlit með lögreglu	3
4. Ályktanir nefndarinnar um verkefni og aðstæður lögreglu.	4
5. Tölfræði	5
5.1. Fjöldi mála.....	5
5.2. Embætti sem mál varðar	6
5.3. Málsmeðferðartími	6
5.4. Staða mála 31. desember 2018	7
5.5. Efni máls.....	8
5.5.1. Vanvirðandi meðferð.....	9
6. Yfirlit um starfsemi ársins 2018	10
6.1. Skipulag og starfsaðstaða	10
6.2. Yfirlit yfir fundi nefndarinnar	10
6.3. Yfirlit yfir fundi nefndarinnar með öðrum	10
6.4. Fjármál nefndarinnar	11

1. Inngangur

Nefnd um eftirlit með lögreglu tók til starfa þann 1. janúar 2017, við gildistöku laga nr. 62/2016, um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996. Meginbreyting fyrrnefndra laga var að koma á nefnd þessari með það fyrir augum að auðvelda borgurunum að koma á framfæri kvörtunum, kærum á hendur lögreglumönnum, athugasemdum við verklag lögreglu og stuðla að því að mál fái viðeigandi meðferð innan stjórnsýslunnar. Þá er nefnd þessari með fyrrnefndum lögum, falið að taka til athugunar mál þegar borgarar slasast eða láta lífið í lögregluaðgerðum. Loks getur nefndin tekið mál upp að eigin frumkvæði. Þannig þurfa borgararnir ekki að velkjast í vafa um hvert eigi að leita með aðfinnslur við störf lögreglu, þó svo að ennþá sé unnt að koma slíkum kvörtunum eða athugasemdum að hjá lögregluembættum landsins sem og ríkissaksóknara. Berist kvörtun til lögregluembætta, héraðs- eða ríkissaksóknara ber þeim að tilkynna nefndinni um framkomna kvörtun eða kæru og eftir atvikum framsenda málið til hlutaðeigandi embættis.

Nefndin hefur nýlega lokið öðru starfsári sínu og almennt hefur starfsemin gengið vel. Nefndin hefur aðsetur í Skuggasundi 3 og frá 1. janúar 2018 hefur lögfræðingur starfað hjá nefndinni í 100% starfi. Símatími lögfræðings nefndarinnar er alla virka daga frá kl. 10:00 til 11:00. Það er mat nefndarinnar að hún þurfi að minnsta kosti tvö stöðugildi lögfræðinga á næstu misserum miðað við óbreytt verkefni. Er það síðan háð opinberri stefnumótun og fjárveitingum hvort rétt er talið að auka slagkraft nefndarinnar umfram það, m.a. til þess að geta tekið mál til umfjöllunar að eigin frumkvæði í fleiri tilvikum.

Sú skýrsla sem hér birtist er önnur ársskýrsla nefndar um eftirlit með lögreglu. Hlutverki nefndarinnar, verkefnum lögreglu og eftirlit með störfum hennar eru gerð ítarleg skil í ársskýrslu nefndarinnar fyrir árið 2017. Nefndin telur rétt að vísa til þeirrar skýrslu um það efni að mestu en óhjákvæmilegt er að hnykkja á einstaka þáttum í skýrslu þessari.

2. Skipun nefndar um eftirlit með lögreglu

Með lögum nr. 62/2016, um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996 var stofnuð nefnd um eftirlit með lögreglu. Lögin tóku gildi 1. janúar 2017 og tók nefndin þá þegar til starfa.

Samkvæmt 35. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. 1. gr. laga nr. 62/2016 skal setja á fót sérstaka eftirlitsnefnd með störfum lögreglu. Í ákvæðinu segir svo:

„1. Ráðherra skipar nefnd sem hefur eftirlit með störfum lögreglu. Nefndin er sjálfstæð stjórnsýslunefnd og er ekki unnt að skjóta ákvörðunum hennar til æðra stjórnvalds.

2. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og jafnörgum til vara. Nefndarmenn skulu hafa lokið embættis- eða meistaraprófi í lögfræði. Mannréttindaskrifstofa Íslands tilnefnir einn nefndarmann, Lögmannafélag Íslands annan en ráðherra skipar þann þriðja án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn. Formaður ræður starfsmenn eftirlitsnefndar. Ráðherra ákveður laun og önnur starfskjör nefndarmanna.“

Aðalmenn í nefndinni árið 2018 voru eftirtaldir: (1) Trausti Fannar Valsson dósent við lagadeild Háskóla Íslands, tilnefndur af ráðherra og formaður nefndarinnar. Trausti Fannar baðst lausnar á árinu og sinnti störfum formanns til 30. nóvember sl. er núverandi formaður, Skúli Þór Gunnsteinsson, lögfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, tók við stöðu formanns nefndarinnar þann 1. desember sl. (2) Þorbjörg Inga Jónsdóttir lögmaður, tilnefnd af Mannréttindaskrifstofu Íslands, og (3) Kristín Edwald lögmaður, tilnefnd af Lögmannafélagi Íslands. Varamenn eru eftirtaldir: (1) Anna Tryggvadóttir lögfræðingur, tilnefnd af ráðherra og

er varaformaður nefndarinnar, (2) Flosi Hrafn Sigurðsson lögmaður, tilnefndur af Mannréttindaskrifstofu Íslands, og (3) Grímur Sigurðarson lögmaður, tilnefndur af Lögmannafélagi Íslands. Skipun nefndarinnar er óbreytt það sem af er árinu 2019.

Nefndarmenn sinna nefndarstörfum samhliða öðrum störfum sínum og eru allir nefndarmenn í 100% vinnu annars staðar en hjá nefndinni. Starfsmaður nefndarinnar er Drífa Kristín Sigurðardóttir, lögfræðingur, en Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, lögfræðingur hefur leyst Drífu af sem er í fæðingarorlofi.

Nánari upplýsingar um nefndina og starfsemi hennar má finna á heimasíðu nefndarinnar; www.nel.is. Upplýsingar um helstu verkefni ársins 2018 og um rekstur nefndarinnar má jafnframt finna í yfirliti í kafla 7.

3. Hlutverk nefndar um eftirlit með lögreglu

Ákveðins misskilnings um hlutverk nefndarinnar virðist gæta hjá mörgum þeim sem leita til hennar. Þannig hafa aðilar máls ranglega talið, að nefndin geti rannsakað mál líkt og sakamál, geti fyrirskipað opinbera rannsókn á einstökum atburðum, geti beitt lögreglumenn eða lögreglustjóra viðurlögum, o.fl. Þess vegna telur nefndin nauðsynlegt að benda á að hlutverk hennar sé að greina erindi og koma kvörtunum og/eða athugasemdum í viðeigandi farveg og fylgjast með afgreiðslu þeirra.

Hlutverk nefndar um eftirlit með lögreglu felst þannig í stuttu máli í því að taka við erindum sem henni berast, greina þau og senda þau áfram til viðeigandi embætta til úrvinnslu. Nefndin getur einnig vísað málum frá ef þau falla ekki undir verkefni nefndarinnar eða komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé tilefni til að aðhafast frekar í máli á grundvelli gagna frá viðkomandi embætti. Nefndin fylgist með því að mál fái úrvinnslu hjá öðrum stjórnvöldum (fyrst og fremst hjá handhöfum ákærvalds og/eða innan viðeigandi lögregluembætta). Þegar máli er lokið og niðurstaða liggur fyrir getur nefndin sent frá sér álit eða tilmæli sem þó eru ekki bindandi að lögum. Nefndin hefur engar rannsóknarheimildir en hefur þó víðtækar heimildir til að afla gagna frá handhöfum ákærvalds og lögregluembættum landsins en fram kemur í 5. mgr. 35. gr. a, lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. 1. gr. laga nr. 62/2016, að ríkissaksóknara, héraðssaksóknara og lögreglustjórum, þ.m.t. ríkislögreglustjóra, er skylt að afhenda nefndinni þær upplýsingar sem hún þarf til að sinna starfsskyldum sínum. Málum sem falla undir verksvið nefndarinnar má skipta í fjóra flokka: (1) Mál sem varða mögulega eða ætlaða refsiverða háttsemi lögreglumanna, (2) mál þar sem lögreglumenn hafa mögulega sýnt af sér ámælisverða háttsemi án þess að hún sé refsiverð, (3) mál þar sem einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort mögulega sé um að ræða refsiverða eða ámælisverða háttsemi af hálfu lögreglunnar og svo (4) mál sem varða verklag, starfshætti eða aðbúnað lögreglu í víðara samhengi, sjá 1. mgr. 35. gr. a lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. 1. gr. laga nr. 62/2016.

Ef nefndin sendir mál áfram til meðferðar hjá handhöfum ákærvalds og/eða lögreglustjórum landsins þá getur sá tími sem nefndin fylgist með hverju máli fyrir sig verið umtalsvert langur og breytilegur eftir embættum og eðli málanna. Þetta er einnig ástæðan fyrir því að það hefur tekið nefndina langan tíma að fá yfirsýn yfir umfang þeirra málefna sem henni er ætlað að hafa eftirlit með og vart við því að búast að slík yfirsýn liggi fyrir fyrr en í fyrsta lagi í lok árs 2019.

4. Ályktanir nefndarinnar um verkefni og aðstæður lögreglu.

Nefndin hefur, meðfram öðrum verkefnum, kynnt sér aðstæður, skipulag og verkefni einstakra lögregluembættanna, með það í huga að setja sig inn í þær aðstæður sem einstakar kvartanir og kærur lúta að. Nefndin telur að heimsóknir hennar til lögregluembætta landsins auki annars vegar þekkingu nefndarinnar á störfum lögreglunnar og hins vegar skilning embættanna á starfi nefndarinnar. Nefndin hefur ekki lokið við að heimsækja öll lögregluembætti landsins en mun ljúka fyrstu yfirferð á árinu 2019. Nefndin hefur einnig, í sama tilgangi, leitast við að kynna sér þær verklagsreglur sem lögregluembættin styðjast við í störfum sínum, ekki síst þær samræmdu verklagsreglur sem gilda fyrir öll lögregluembættin. Eftir atvikum hefur nefndin í því sambandi kallað eftir afritum tiltekinna verklagsreglna, oftast við meðferð einstakra mála af hennar hálfu.

Tilgangur þess að afla ofangreindra upplýsinga er, eins og fyrr segir, að gera nefndina betur í stakk búna til að greina einstök mál sem varða háttsemi lögreglumanna. Nefndin hefur ekki eftirlit með almennum rekstri lögregluembættanna eða innra skipulagi þeirra. Upplýsinga er því ekki aflað af hálfu nefndarinnar í þeim tilgangi að geta sett fram ályktanir eða ábendingar um slíka þætti. Vegna opins orðalags d-liðar 1. mgr. 35. gr. a í lögreglulögum getur það þó, eftir atvikum, verið hlutverk nefndarinnar að taka afstöðu til verklags lögreglu, í einstökum málum eða í víðara samhengi, enda tengist slíkt meginverkefnum nefndarinnar. Sem dæmi um þætti í skipulagi og verklagi lögreglunnar sem vakið hafa athygli nefndarinnar í þessu sambandi eða hafa orðið henni tilefni til nánari athugunar má í dæmaskyni nefna eftirtalin atriði.

Í *fyrsta lagi* hefur vakið athygli nefndarinnar hvornig staðið er að útgáfu samræmdra verklagsreglna og leiðbeininga innan lögreglunnar. Nefndin benti á þetta í ársskýrslu sinni fyrir árið 2017. Í þessu sambandi má annars vegar nefna að ekki er alltaf ljóst af efni eða formi þessara skjala hvort tilgangur þeirra sé að setja fram verklag um samskipti lögreglu og borgaranna, og lúti þannig mögulega að réttindum þeirra, eða hvort tilgangurinn sé frekar sá að skilgreina innri verkferla, skjalaskráningu eða sambærilegt. Virðist æskilegt, bæði fyrir borgarana og fyrir einstaka lögreglumenn, að betur væri greint á milli í þessu efni. Hins vegar má nefna að í ýmsum tilvikum virðist einfaldlega skorta á að verklag hafi verið greint og skráð með formlegum hætti.

Í lögreglulögum nr. 90/1996, með síðari breytingum, er gert ráð fyrir því að hlutverk embættis ríkislögreglustjóra sé m.a. „að vinna að og gera tillögur um hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi í starfsemi lögreglunnar“ sbr. d. liður 1. mgr. 5. gr.

Einstök lögregluembætti landsins hafa brugðið á það ráð að semja verklagsreglur sem þá gilda fyrir hlutaðeigandi embætti en það kann að leiða til þess að verklag sé mismunandi milli embætta. Þó nefndin telji gott að einstök embætti setji sér verklagsreglur þar sem þær skortir þar sem slíkar verklagsreglur geta komið lögreglumönnum að gagni sem og bætt réttaröryggi borgaranna, telur nefndin að þetta kunni að leiða til misræmis og þess að hætta sé á að sambærileg mál hljóti ekki sambærilega meðferð. Er slík staða aðfinnsluverð. Nefndin bendir á að setning verklagsreglna um verkefni lögreglu er vandmeðfarið verkefni enda verkefni lögreglu mjög fjölbreytt og framvinda lögregluverkefna oft óútreiknanleg. Þá eru aðstæður mismunandi milli landshluta. Góðar, almennar, verklagsreglur á þeim sviðum þar sem hægt er að setja slíkar reglur hljóta að vera til gagns að mati nefndarinnar. Nauðsynlegt sé að tryggja samræmt verklag milli embætta en þess ber að geta að slík lagaskylda hvílir á embætti ríkislögreglustjóra.

Í *öðru lagi* hefur það vakið athygli nefndarinnar hvernig notkun á svonefndum bókmyndavélum og upptökubúnaði í lögreglubifreiðum er háttað. Bókmyndavélar eru ekki notaðar af öllum lögregluembættum landsins en þau embætti sem nýta sér slíkan búnað nota mismunandi tegundir af búnaði. Þá er misjafnt hvort þær eru notaðar að staðaldri eða ekki. Oft eru upptökur úr þessum myndavélum einu sönnunargögnin um það sem fram fer. Þá hefur borið á því í lögreglubifreiðum að kveikt sé á upptökubúnaði í lögreglubifreið en ekki kveikt á hljóðupptöku, sem er afleitt.

Nefndin bendir á að samkvæmt 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga, með síðari breytingum, ber ríkislögreglustjóra að starfrækja almenna deild sem hafi umsjón með kaupum á ökutækjum, búnaði og fatnaði lögreglu og hafi reglulegt eftirlit með lögreglustöðvum, tækjum þeirra og búnaði. Þá er áréttað samræmingarhlutverk embættisins svo sem getið er um hér að framan.


Í *þriðja lagi* hefur það vakið athygli nefndarinnar í hversu stuttan tíma myndefni úr eftirlitsmyndavélum er geymt. Nefndin telur skynsamlegt að lögregluembætti lengi geymslutíma myndefnis í a.m.k. 3 mánuði. Rýmri geymslutími myndefnis úr eftirlitsmyndavélum á lögreglustöðvum, úr bókmyndavélum og myndefni úr lögreglubifreiðum eykur líkur á að hægt sé að sýna fram á það sem fram fer.

5. Tölfræði

Mál sem nefnd um eftirlit með lögreglu hefur fjallað um eru af ýmsum toga. Vegna eðlis málanna og trúnaðar sem nefndin er bundin varðandi atvik þeirra er ekki fært að lýsa þeim nákvæmlega í ársskýrslu.

5.1. Fjöldi mála

Árið 2018 komu samtals 102 mál til meðferðar nefndar um eftirlit með lögreglu. Fjöldi innkominna mála skiptist með eftirfarandi hætti á milli mánaða:




Af þeim 102 málum sem nefndin hafði til meðferðar árið 2018 bárust 63 mál beint frá einstaklingum, 39 mál bárust nefndinni með tilkynningu frá ákærvaldi og 3 mál tók nefndin upp að eigin frumkvæði.

5.2. Embætti sem mál varðar

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir þau embætti sem innkomin mál féllu undir. Tölur sem varða hvert embætti lýsa því hvar málin voru tekin til meðferðar, eftir atvikum, eftir að nefndin hafði framsent þau þangað. Til skýringar skal nefnt að ef mál varðar lögreglumann hjá tilteknu lögreglustjóraembætti og mögulega er um refsivert athæfi að ræða af hans hálfu þá er það mál sent héraðssaksóknara til meðferðar. Ef málið er ekki refsímál, heldur agamál, er það sent til meðferðar hjá þeim lögreglustjóra sem er yfirmaður þess sem kvörtun beinist að.

Þau mál sem falla undir „Annað“ í töflunni eru meðal annars mál þar sem ekki var talið tilefni til að aðhafast frekar, mál sem var vísað frá nefndinni vegna þess að þau heyrðu ekki undir starfssvið hennar ásamt þeim málum sem nefndin tók til athugunar að eigin frumkvæði.




Ef litið er sérstaklega til þeirra mála sem *ekki* falla undir „Annað“ í töflunni sést að rúmur helmingur þessara mála fór til meðferðar og afgreiðslu hjá héraðssaksóknara. Þar er um að ræða mál þar sem til skoðunar kom hvort háttsemi lögreglumanns varðaði mögulega refsingu. Í langflestum málunum var hins vegar um að ræða aðfinnslur við störf starfsmanna lögreglu sem ekki voru talin refsiverð og fóru því til meðferðar og nánari afgreiðslu hjá viðkomandi lögreglustjóra. Af þessu verður, að mati nefndarinnar, dregin sú ályktun að nokkur breyting hafi orðið á, frá árinu 2017. Lögregla bendi þannig í auknum mæli, borgurunum á að leggja fram kvörtun hjá nefndinni ef þeir telja á sér brotið og að mál eru skráð og sett í réttan farveg.

5.3. Málsmeðferðartími


Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 222/2017 um nefnd um eftirlit með lögreglu skal nefndin hraða meðferð máls eins og kostur er og að jafnaði ljúka meðferð þess innan mánaðar frá móttöku erindis. Er hér vísað til þeirra erinda sem berast nefndinni í formi kvartana eða kærumála og skal beint til meðferðar hjá lögreglu eða handhöfum ákærvalds. Á árinu 2018 tók nefndin 73 ákvarðanir, af þeim voru 60 mál send til meðferðar og afgreiðslu til lögreglustjóra eða

ákærvalds. Meðalmálsmeðferðartími var 94 dagar frá móttöku erindisins til ákvarðanatöku mála og ákvörðun var tekin í 25 tilvikum innan framangreinds frests. Í 47 tilvikum tók meðferð málsins lengri tíma en mánuð, en þá var í flestum tilvikum um það að ræða að nefndin hafði óskað eftir frekari upplýsingum um málið frá lögreglu en þær upplýsingar ekki borist tímanlega.



5.4. Staða mála 31. desember 2018

Staða mála sem heyra undir nefnd um eftirlit með lögreglu var með eftirfarandi hætti við áramótin 2018/2019:




Taflan hér að framan lýsir afdrifum og stöðu þeirra 102 mála sem nefndin skráði í málaskrá sína á árinu 2018. Við lok ársins voru 23 mál til meðferðar hjá héraðssaksóknara og 39 mál hjá lögreglustjórum. Samtals biðu 5 mál greiningar hjá nefndinni og 6 mál voru í bið hjá nefndinni vegna þess að frekari upplýsingar vantaði frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin lauk að fullu meðferð 46 mála á árinu. Í einu tilviki taldi nefndin ekki tilefni til að

senda mál til frekari meðferðar eða skoðunar og í 11 tilvikum var máli vísað frá nefndinni vegna þess að það heyrði ekki undir verksvið hennar. Af nefndum 46 málum lauk 12 með fyrrgreindum hætti. Þá fjallaði nefndin um 16 mál sem hún fékk til skoðunar eftir að meðferð þeirra lauk hjá lögreglu eða ákærvaldi. Í þeim málum taldi nefndin ekki tilefni til þess að gera athugasemdir við afgreiðslu málanna af hálfu lögreglu eða ákærvalds og lauk þar með einnig meðferð þeirra að fullu af sinni hálfu. Tekið skal fram að í vissum tilvikum kunna mál af þessum toga þó að geyma upplýsingar sem nefndin hefur til hliðsjónar við afmörkun annarra mála og við síðari ákvarðanir um að hefja skoðun máls að eigin frumkvæði.

5.5. Efni máls

Hér má sjá flokkun mála nefndar um eftirlit með lögreglu eftir efnisorðum:



Af þeim málum sem nefndin fékk til meðferðar árið 2018 lutu 44 kvartanir að framkomu starfsmanna lögreglu og var það stærsti flokkur kvartana hjá nefndinni. Þá lutu 42 kvartanir að handtöku og var það næst stærsti flokkur mála hjá nefndinni. Af þeim 42 voru 12 mál þar sem tilkynning barst frá héraðssaksóknara. Alls bárust 30 mál með kvörtun frá einstaklingum en af þeim voru 6 mál send til héraðssaksóknara til meðferðar með ákvörðun nefndarinnar. Þeimþáttum kvartana er lutu að tilefni handtöku var vísað frá, en umfjöllun um slíkt á ekki undir nefndina.

Þriðji stærsti flokkurinn varðar ætluð brot gegn þagnarskyldu og meðferð upplýsinga en þau voru samtals 16. Á árinu 2018 vísaði nefndin tveimur málum sem féllu í þennan flokk til saksóknara. Nefndin hafði til skoðunar á árinu hvernig almennu eftirliti væri hagað innan lögreglunnar með aðgangi að upplýsingakerfum lögreglunnar. Í því sambandi taldi nefndin ástæðu til að kanna afstöðu Ríkislögreglustjóra til þess að taka upp breytingar á verklagi við eftirlit með uppfléttingum starfsmanna lögregluembættanna. Ekki fengjust skýr svör frá Ríkislögreglustjóra varðandi afstöðu hans til þess að slíkt eftirlit yrði tekið upp af hálfu embættisins. Var nefndinni þar með ekki unnt að ljúka athugun sinni vegna framangreinds á árinu 2018 en málinu lauk nú á vormánuðum ársins 2019 og verður gerð grein fyrir niðurstöðunni í ársskýrslu fyrir það ár.

Nefnd um eftirlit með lögreglu hefur einnig haft til umræðu mál vegna kvartana sem nefndinni berast og lúta sérstaklega að ákvörðunum og athöfnum lögreglu í tengslum við rannsókn á sakamálum, en í þeim tilvikum er valdsvið nefndarinnar takmarkað, eins og fram kemur í kafla 4.3 að framan.

Árið 2018 fékk nefndin kvartanir inn á sitt borð þar sem gerðar voru athugasemdir við að lögregla hafi neitað að taka við kæru um ætlað refsivert brot. Þessi mál hafa vakið athygli nefndarinnar af þeirri ástæðu að í sumum tilvikum virðist meðferð lögreglu á viðkomandi málum ekki hafa verið í fullu samræmi við 52. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Nefndin hefur beint ábendingum um þessar kvartanir til viðkomandi lögregluembætta þannig að hægt sé að bæta úr því verklagi sem um ræðir, sem hefur leitt til umbóta í málaflokknum hjá þeim embættum sem tilmælum hefur verið beint að.


Nefnd um eftirlit með lögreglu hefur í störfum sínum fengið ábendingar og upplýsingar um handtökur og frelsissviptingar einstaklinga sem kunna að eiga rót í veikindum hins handtekna, mögulega þar sem önnur úrræði virðast ekki vera fyrir hendi. Nefndin fjallaði einnig um þessi mál í ársskýrslu sinni fyrir árið 2017. Nefndinni barst kvörtun um slíkt atvik en sú kvörtun varð síðar grundvöllur til sérstakrar skoðunar að frumkvæði nefndarinnar. Varðaði sú athugun möguleg veikindi hins handtekna og rétt hans til viðunandi heilbrigðisþjónustu. Nefndin hóf frumkvæðisathugun á því hvaða verklagsreglur gilda um það þegar veikir einstaklingar eru vistaðir í fangaklefa og kalla þarf til lækni eða hjúkrunarfræðing til handa þeim sem hefur verið handtekinn.

Ofangreind flokkun eftir efnisorðum hefur breyst og þróast frá stofnun nefndarinnar árið 2017. Flokkun sem þessi er nauðsynleg fyrir nefndina svo unnt sé að greina undan hvaða háttsemi mest er kvartað yfir og gefur, þar að auki, ákveðna vísbendingu um helstu efnisatriði sem reynt hefur á í störfum nefndar um eftirlit með lögreglu. Vert er að geta þess að mörg mál falla undir fleira en eitt efnisorð.

5.5.1. Vanvirðandi meðferð

Frá árinu 2017 hafa nefnd um eftirlit með lögreglu borist 25 mál sem varða vanvirðandi meðferð af hálfu starfsmanna lögreglu. Málafjöldinn var sambærilegur frá árinu 2017-2018, en árið 2017 voru málin 12 og árið 2018 voru þau 13.

Ástæða þessarar sérstöku flokkunar um vanvirðandi meðferð af hálfu starfsmanna lögreglu er eftirlit Evrópskrar eftirlitsnefndar sem ber nafnið, e. European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT). Nefnd um eftirlit með lögreglu, ákvað í kjölfarið á því að hún var sett á fót, að koma á sérstakri flokkun vegna kvartana sem gætu talist til vanvirðandi meðferðar. Í þessum kafla verður leitast við að skilgreina fjölda slíkra mála sem komið hafa til meðferðar hjá nefndinni frá 2017-2018.



Mál sem voru ýmist send til meðferðar hjá héraðssaksóknara af hálfu nefndarinnar eða henni bárust tilkynningar um frá héraðssaksóknara voru alls 20. Embættið hætti rannsókn í 17 málum, tveimur málum var vísað frá en eitt mál er enn til rannsóknar. Af þessum 20, voru fimm mál kærð til ríkissaksóknara og eitt mál endaði með útgáfu ákæru.

6. Yfirlit um starfsemi ársins 2018

6.1. Skipulag og starfsaðstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu réð til starfa Hafdísí Hrönn Hafsteinsdóttur, til afleysingar fyrir Drífu Kristínu Sigurðardóttur, þar sem hún fór í fæðingarorlof í nóvember 2018. Ráðning Hafdísar er tímabundin frá 17. september 2018 til nóvember 2019.

Heimasíða nefndarinnar er á slóðinni www.nel.is. Á heimasíðunni er að finna eyðublað fyrir tilkynningar til nefndarinnar ásamt nánari upplýsingum um málsmeðferð, hlutverk og skipan nefndarinnar.

Hægt er að hafa samband við nefndina með því að senda tölvupóst á nel@nel.is eða bréfpóst á heimilisfangið: Nefnd um eftirlit með lögreglu, Skuggasund 3, 101 Reykjavík. Þá var hægt að hafa samband símleiðis við lögfræðing nefndarinnar á símatíma sem var milli kl. 10 og 11 alla virka daga.

6.2. Yfirlit yfir fundi nefndarinnar

Fundir nefndarinnar á árinu 2018 voru samtals 21. Nefndin tók 73 ákvarðanir á starfsárinu um erindi sem bárust nefndinni í forni kvartana eða kærumála og kom þeim til meðferðar innan lögreglu eða ákærvalds eftir því sem við átti.

Nefnd um eftirlit með lögreglu hóf þrjár frumkvæðisathuganir á árinu er varða verklag lögreglu við mismunandi aðstæður í störfum hennar.

6.3. Yfirlit yfir fundi nefndarinnar með öðrum

Nefndin fór í kynningarheimsókn til Lögreglustjórans á Austurlandi þann 9. mars 2018, Lögreglustjórans á Suðurlandi þann 7. maí 2018 og til Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra þann 31. október 2018.

6.4. Fjármál nefndarinnar

Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna. Allir aðalmenn í nefndinni vinna að verkefnum hennar í hlutastarfi á grundvelli fastrar þóknunar. Föst þóknun formanns á mánuði eru tæpar 185.000 kr. Þar er um heildarlaun að ræða. Aðrir aðalmenn í nefndinni fá helming þeirrar þóknunar. Formaður hefur samkvæmt lögum það hlutverk að ráða starfsmenn nefndarinnar. Starfsmannamál hennar og daglegur rekstur eru því í meira mæli á hans herðum en annarra nefndarmanna. Þar sem starfsmaður er aðeins einn þá hefur það jafnframt verið hluti af verkefnum formanns að hafa innsýn í skipulag og gang verkefna hjá starfsmanni hennar og taka beinan þátt í skrifum bréfa og ákvarðana. Varamenn fá greidda þóknun fyrir þá fundi sem þeir þurfa að sækja.

Áætlaður kostnaður ríkisins vegna starfa nefndarinnar fyrir árið 2018 var 18.800.000 kr. Heildarkostnaður vegna reksturs nefndarinnar árið 2018 nam 21.688.286 kr. Stærstur hluti kostnaðarins voru laun og launatengd gjöld, en samtals nam sá kostnaðarliður á árinu 20.029.208 kr. Var þar um að ræða laun og launatengd gjöld fyrir fastan starfsmann nefndarinnar, laganema sumarið 2018 og tímabundna ráðningu starfsmanns frá 17. september 2018 ásamt launum nefndarmanna.

Annar kostnaður var tæplega 1.700.000 kr. Þar var um að ræða kostnað vegna leigu á skrifstofu, afnotagjöld vegna hýsingar á vefsíðu nefndarinnar, kostnað vegna ferðalaga nefndarmanna og starfsmanns innanlands, kostnað vegna námskeiða og annars tilfallandi kostnaðar vegna skrifstofubúnaðar.

Samkvæmt fjárhagsáætlun nefndarinnar fyrir árið 2018 lá fyrir að kostnaður vegna reksturs nefndarinnar árið 2018 yrði töluvert hærri en árið 2017. Í henni var gert ráð fyrir að kostnaður vegna launa og launatengdra gjalda starfsmanns í fullu starfi, nefndarmanna og sumarstarfsmanns myndi nema á bilinu 19 til 20 milljónum króna og annar kostnaður vegna reksturs nefndarinnar á árinu 2018 myndi vera um það bil ein og hálf milljón. Helstu ástæðu aukins rekstrarkostnaðar má rekja til þess að vegna aukins málafjölda þurfti lögfræðingur nefndarinnar að vera í fullu starfi allt árið 2018, en á árinu 2017 var lögfræðingur í 50% - 75% starfshlutfalli hjá nefndinni. Þá þurfti nefndin einnig að ráða í afleysingar vegna sumar- og fæðingarorlofs lögfræðings nefndarinnar.

Reykjavík,

24. júlí 2019



Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður


Kristín Edwald


Þorbjörg Jónsdóttir

